

Ed.

377. Frumvarp til laga

[212. mál]

um breyting á lögum um skógrækt nr. 3 6. mars 1955.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

20. gr. laganna falli niður.

2. gr.

23. gr. (verður 22. gr.) orðist svo:

Skógrækt ríkisins er heimilt að styrkja þá sem vilja koma upp trjálundum á jörðum sínum og ekki eiga kost á stuðningi skv. öðrum greinum laganna, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni. Má slíkur styrkur nema allt að 30 hundraðshlutum af girðingar-kostnaði á hvern lengdarmetra girðingar, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. að land innan girðingar sé minnst 1 hektari;
2. að fyrir liggji yfirlýsing skógræktarstjóra um, að landið sé vel fallið til skógræktar.

3. gr.

Á eftir III. kafla komi nýr kafli, sem verði IV. kafli, með fyrirsögninni: Um ræktun nytjaskóga á bújörðum og orðist svo:

a. (24. gr.)

Í þeim héruðum landsins, þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg, styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga á bújörðum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og nánar greinir í ákvæðum þessa kafla, enda verði skógræktin þáttur í búskap bænda eða jarðeiganda.

b. (25. gr.)

Styrkur samkvæmt 24. gr. má nema allt að 80 af hundraði stofnkostnaðar við undirbúning skógræktarlandsins, þ. m. t. girðingar og vegagerð, plöntur og gróðursetning.

Styrk má því aðeins veita, að fullnægt sé eftirtöldum atriðum:

- a) Skógrækt ríkisins hafi gert athugun á skógræktarskilyrðum í viðkomandi sýslu, hluta hennar eða fleiri sýslum saman og skógræktarstjóri staðfest skógræktaráætlun fyrir þau lönd, er til greina koma. Áður en skógræktarstjóri staðfestir áætlun, skal afla umsagnar viðkomandi búnaðarsambands og samþykkis jarðanefndar, sveitarstjórnar og Skipulags ríkisins á ráðstöfun lands til ræktunar nytjaskóga samkvæmt skógræktaráætlun.
- b) Að fyrir liggji samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda og landeiganda, ef hann er annar en ábúandi, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu. Í þeim samningi skal m. a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar og meðferð landsins.

Samningi samkvæmt b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð, áður en styrkur er greiddur.

c. (26. gr.)

Girðingar um nytjaskóga skulu gerðar samkvæmt ákvæðum 16. gr. laganna. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum II. kafla laga þessara.

Vanefni landeigandi eða umráðamaður landsins skyldur sínar samkvæmt samningi, sbr. b-lið 25. gr., er Skógrækt ríkisins heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað landeiganda. Greiði landeigandi ekki slíkan kostnað, má taka hann lögtaki.

d. (27. gr.)

Óheimilt er landeiganda eða ábúanda, án samþykkis Skógræktar ríkisins, að leigja eða heimila öðrum afnot af landi, sem ráðstafað hefur verið til skógræktar með samningi samkvæmt 25. gr., nema viðkomandi jörð sé leigð til ábúðar samkvæmt ábúðarlögum nr. 64 31. maí 1976.

Um mat á framkvæmdum sem ábúandi á leigujörð gerir vegna ræktunar nytjaskóga skal fara eftir 16. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976, en styrkur skv. þessum kafla skal þó jafnan koma til frádráttar ásamt verðbótum.

Telji landeigandi, að ræktun nytjaskógar hafi mistekist, getur hann óskað eftir að samningur skv. b-lið 25. gr. verði felldur úr gildi. Fallist Skógrækt ríkisins á að ræktunin hafi mistekist, er henni heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að fella samninginn úr gildi, enda endurgreiði landeigandi hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum skv. byggingarvísitölu í hlutfalli við þær umbætur, sem orðið hafa á landinu við framkvæmdir vegna skógræktarinnar. Heimilt er að skjóta synjun Skógræktar ríkisins til landbúnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag um verðmæti umbótanna og endurkröfuna, er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

e. (28. gr.)

Ef um ítrekaðar vanefndir landeiganda eða ábúanda á samningi skv. b-lið 25. gr. er að ræða eða brotið er gegn ákvæðum þessara laga um meðferð skógræktarlandsins, er Skógrækt ríkisins heimilt annað tveggja:

- a) að endurkrefja landeiganda um hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum skv. vísitölu byggingarkostnaðar. Skal hinn endurkrafni styrkur greiddur eins og bætur skv. b-lið.
- b) að leysa til sín skógræktarlandið í heild eða að hluta að fengnum meðmælum viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar og stjórnar Búnaðarfélags Íslands og samþykki ráðherra, enda teljist slíkt nauðsynlegt til að tryggja og viðhalda þeim árangri, sem þegar hefur náðst við ræktun nytjaskógar á landinu. Náist ekki samkomulag um verð á hinu innleysta landi, skal um mat fara eftir 2. mgr. 29. gr., en bæturnar skulu greiddar með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 4 árum og skal fyrsta greiðsla greidd innan 3ja mánaða frá því að innlausn er leyfð. Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bæturnar frá innlausnardegi til greiðsludags og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánum til jarðakaupa hverju sinni.

f. (29. gr.)

Við aðilaskipti að réttindum yfir landi, sem hefur verið ráðstafað til skógræktar með samningi skv. 25. gr., fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talinni útlagningu til veðhafa, búskipti, félags- og sameignarslit og fyrirframgreiðslu arfs, skal Skógrækt ríkisins eiga forkaupsrétt að landinu eða hluta þess næst á eftir lögboðnum forkaupsréttarhöfum skv. 21. gr. jarðalaga nr. 65 31. maí 1976. Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt, þegar jarðareigandi ráðstafar jörðinni í heild til einhvers þeirra, sem upp eru taldir í 1. tölulið 26. gr. jarðalaga nr. 65 31. maí 1976.

Neyti Skógrækt ríkisins forkaupsréttar síns, skal kaupverðið miðað við verð á sambærilegu landi án skógræktar, að viðbættum verðmætisauka vegna skógræktarinnar, en að frádrögnum

styrk skv. þessum kafla, ásamt verðbótum miðað við byggingarvísitölu. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna og gildir það þá sem söluverð.

Skógrækt ríkisins er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að selja skógræktarland, sem hún hefur eignast skv. b-lið 28. gr. og 1. mgr. 29. gr., eiganda viðkomandi jarðar til ræktunar nytjaskóga.

g. (30. gr.)

Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga, sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

Nefnd þriggja manna skal vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar skv. a-lið 25. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar ríkisins, viðkomandi búnaðarsambands og skógræktarfélags, enda sé félagið aðili að Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

Starfi fleiri en eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands á því svæði, sem skógræktaráætlunin tekur til, skulu félögin sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina. Sama gildir um búnaðarsamböndin.

h. (31. gr.)

Skógrækt ríkisins skal, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, gera tillögu til fjárveitingarvaldsins um framlög til skógræktaráætlana (skógarbúskapar) og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé, sem veitt er hverju sinni, til verkefna samkvæmt staðfestum áætlunum.

4. gr.

IV. kafli laganna (Um Skógræktarfélag Íslands) verður V. kafli, V. kafli verður VI. kafli og VI. kafli verður VII. kafli.

Töluröð greina í lögnum breytist í samræmi við framantaldar breytingar, svo og tilvitnanir í þær greinar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um sama efni var lagt fram á síðasta Alþingi, en kom ekki til meðferðar.

Höfuðmarkmið skógræktar á Íslandi eru tvö:

- Gróður- og jarðvegsvernd.
- Framleiðsla á viði til ýmiss konar nytja.

Skógur sem ræktaður er með bæði þessi markmið í huga getur svo þjónað öðrum tilgangi eins og að vera:

- Útivistarsvæði við þéttbýli.
- Skjólgjafi fyrir næsta nágrenni sitt.

Ef vikið er nánar að fyrri aðalmarkmiðinu með skógrækt, gróður- og jarðvegsvernd, þá eru augljósustu áhrif skógarins í umhverfinu:

- Hann bindur jarðveg betur en allar aðrar plöntur.
- Hann er helsti vatnsmiðlari á jörðinni.
- Hann veitir skjól og raka öðrum gróðri, sem dafnar þar betur en á skóglausu landi.
- Hann skapar skilyrði fyrir fjölbreyttara dýralífi en skóglaut land, í jörðu og á.

Skógur til viðarframleiðslu getur gefið af sér þessar afurðir helstar hérlendis:

- Staura til ýmiss konar nota.
- Eldivið (sem nú færast stórlega í vöxt að nota í nágrannalöndum í kjölfar orkukreppunnar).
- Spónaplötur.
- Borðvið ýmiss konar.

Ótalinn er þó sá þáttur skógræktar sem mestan arð gefur:

- Jólatré og skrautgreinar.

Hér er að vísu um takmarkað magn að ræða fyrir íslenskan markað eða 25—30 þús. tré.

Öll skógrækt, hvaða sérstöku markmiði sem hún stefnir að, á það sameiginlegt að með henni er verið að leggja í sjóð framtíðarinnar, sem skilar þar verðmætum, beinum og óbeinum:

1. Lífmassa sem beinlínis er grundvöllur að tilveru meiri hluta fólks á jörðinni.
2. Sterkara lífríki og fjölbreyttara heldur en þar sem enginn skógur er, og þar með eftirsóknarverðara umhverfi.

Í eftirfarandi yfirliti er sýnt, á hvaða aldursskeiði skógarins má vænta þess, að ofantaldar afurðir fari að falla til hérlendis, miðað þá reynslu sem fyrir liggur um trjávöxt:

Aldur ár	Jólatré tegundir			Staurar, spíur tegundir			Borðviður tegundir			Eldiviður og spónapl.
	Greni	Fura	Pinur	Greni	Fura	Lerki	Greni	Fura	Lerki	Allar tegundir
15—20	X	X	X	—	—	X	—	—	—	—
20—30	X	X	X	X	X	X	—	—	—	X
30—40	X	—	X	X	X	X	—	—	X	X
40—50	—	—	—	X	X	X	—	—	X	X
50—80	—	—	—	X	(X)	(X)	X	X	X	X
80—100	—	—	—	(X)	(X)	(X)	X	X	X	X


(X) = einungis toppur

(Skógrækt ríkisins 1983)

Mikill og vaxandi áhugi er nú fyrir því meðal bænda og forvígismanna skógræktarmála, að hafist verði handa um enn frekari skógrækt, í þeim tilgangi að koma upp nytjaskógum á bújörðum og leggja þannig grunninn að nýrri búgrein hér á landi. Er fyrirhugað að unnið verði að slíkri ræktun með skipulegum hætti á grundvelli sérstakra áætlana um nytjaskóga. Með ræktun nytjaskóga er verið að leggja í sjóð fyrir framtíðina. Slík fjárfesting fer oftast ekki að skila tekjum fyrr en eftir 25 til 30 ár og er því talið nauðsynlegt og eðlilegt, að hið opinbera stuðli að því að þessi nýja búgrein geti orðið að raunveruleika hér á landi. Því er þetta frumvarp flutt.

Skilyrði til skógræktar á Íslandi eru mjög misjöfn eftir landshlutum, svo og svæðum innan landshluta. Sá þáttur veðurfars, sem talinn er skipta mestu máli í þessu sambandi, er hitafar á vaxtartíma trjáanna. Trjálundir víða um land gefa mikilsverða vitneskju um möguleika á ræktun ýmissa trjategunda. Með hliðsjón af fenginni reynslu og athugun á hitafari, má í stórum dráttum afmarka þau svæði á landinu, sem telja verður vænlegust til skógræktar, sem hefur viðarframleiðslu að markmiði. Þessi svæði, sem eru afmörkuð á meðfylgjandi Íslandskorti, eru:

1. Fljótaldalshérað innan Egilsstaða.
2. Eyjafjörður frá Hörgá og inn í Saurbæjarhrepp.
3. Suðurdalur Borgarfjarðar og innanverður Hvalfjörður.
4. Uppsveitir Árnassýslu, efri hluti Landssveitar og Rangárvalla, Fljótshlíð og Þórsmörk.
5. Innsti hluti Köldukinnar meðfram Skjálfafljóti, efsti hluti Aðaldals og Reykjadalur.



Hin fyrsta áætlun um skógrækt á bújörðum var sett fram árið 1965 fyrir Fljótsdal í Norður-Múlasýslu og byggðist á þeim árangri, sem þá var sýnilegur af ræktun lerkis á Hallormsstað. Alþingi veitti fyrst fé til hennar á fjárlögum ársins 1969, kr. 500 þús. Með þessari fjárveitingu var brotið blað í sögu skógræktar á Íslandi. Síðan hefur fjárveiting þessi haldist á fjárlagalið Skógræktar ríkisins og nefnist „til framkvæmda í Fljótsdal“.

Í Fljótsdal hafa girðingar verið settar upp á 12 jörðum og girt er um 450 ha. Nær eingöngu hefur verið gróðursett lerki, með góðum árangri. Fyrst var gróðursett vorið 1970. Lerkið þar hefur náð 5 m hæð og þar verður hægt að fella fyrsta stauraviðinn áður en 20 ár eru liðin frá gróðursetningu. Þetta er vissulega sá hámarksvöxtur, sem búast má við á lerki hérlandis.

Hin velheppnaða ræktun í Fljótsdal hefur orðið hvati þess að hefjast handa í öðrum héruðum sem til greina koma. Bændur á þessum svæðum hafa nú veitt athygli þessum nýju ræktunarmöguleikum í þeim mæli, að samtök þeirra og skógræktarmanna knýja á um að hefja þar skógrækt sem nýja búgrein. Vísast þar m. a. til áskorunar aðalfundar Stéttarsambands bænda 1981.

Með landgræðsluáætlun 1981—85, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, var veitt nokkru fé til skógræktaráætlana og hefur það m. a. verið notað til undirbúningsstarfs og til að vinna að gerð skógræktaráætlunar á nokkrum svæðum á landinu.

Búnaðarsamband Eyjafjarðar og Skógræktarfélag Eyfirðinga lögðu fram áætlun um nytjaskógrækt á bújörðum í Eyjafirði árið 1982. Sú áætlun byggðist á því, að 40 bændur lýstu sig reiðubúna til þess að hefja skógrækt á 900 ha lands.

Búnaðarsamband Suðurlands og Skógræktarfélag Árnesinga hafa í samráði við Skógrækt ríkisins valið nokkrar jarðir í Árnessýslu til að hefja á skógrækt af þessu tagi, ef Alþingi samþykkir að veita fé til þess. En þar hafa alls 15 bændur lýst áhuga sínum á því að gerast þátttakendur í slíkri ræktun, þar sem ekki minna en 20 ha yrði tekið til skógræktar á býli.

Könnun hefur verið gerð á hluta af Suður-Þingeyjarsýslu, til þess að afmarka þar svæði til skógræktar á bújörðum og slík könnun er einnig hafin í Borgarfirði. Þar standa búnaðarsambönd og skógræktarfélag saman um málið og Skógrækt ríkisins veitir faglega hjálp.

Í nágrannalöndum, eins og Noregi og Svíþjóð, eru áætlanir gerðar um nýskógrækt í skóglitlum eða skóglausum norðurhéruðum. Hófst þetta í Noregi með svonefndri Östra-áætlun um 1950.

Í Noregi er ríkisframlagi til nýskógræktar svo háttáð:

Í skóglitlum fylkjum Norður-Noregs er ríkisstyrkur 75% af stofnkostnaði og auk þess 15% frá sveitarfélögum. Skógareigandi fær þannig 90% styrk til nýskógræktar.

Í Norður-Svíþjóð er ríkisframlag til nýskógræktar allt að 90% af stofnkostnaði.

Nefna má Austurríki, þar sem skógrækt á jaðarsvæðum til fjalla er styrkt á tilsvarendi hátt.

Skotland var orðið nær skóglaut land eins og Ísland. Þar er nú veitt stórum fjárhæðum til nýskógræktar af opinberri hálfu, og hefur kannski ekki í neinu nágrannalandi okkar verið gert annað eins stóráttak til endurgræðslu skógar.

Ljóst er, að þær kynslóðir, sem ríða á vaðið og leggja grunn að skógum fyrir framtíðina, „alheimta ei daglaun að kvöldum“. Þrátt fyrir þetta er mikill áhugi á því, að hafist verði handa í stærri stíl en áður. Virðist því ekki ástæða til að bíða lengur þegar möguleikarnir blasa við.

Á það hefur einnig verið bent, að þegar svo háttar að við höfum þurft að draga úr kvikfjárrækt, gerist þörfin enn brýnni fyrir ný verkefni í sveitum. Af sömu ástæðum þykir eðlilegra nú en áður að taka hluta af beitilandi jarða til annarra nota og liggur þá friðun skógræktar beinast við, þar sem hennar er kostur. Frjósemi lands, sem nú yrði friðað, mundi á allan hátt aukast og um leið verðgildi þess. Í því fælist varanleg endurheimt tapaðra gæða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Í 20. gr. er nú heimild til að styrkja ræktun barrskóga á jörðum og jarðarskikum. Með þessu frv. er lagt til að inn í skógræktarlögin komi nýr kafli um ræktun nytjaskóga á bújörðum og svípar þeirri ræktun í ýmsu til skógræktar á grundvelli 20. gr., þó tilgangur þeirrar ræktunar hafi ekki eingöngu verið beinar fjárhagslegar nytjar. Er því eðlilegt að fella niður heimildina í 20. gr., enda er hún bundin við ræktun barrskóga, en reynslan sýnir að eðlilegt er að nota fleiri tegundir við þessa ræktun.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða núverandi 23. gr. l. nr. 3/1955 nema hvað greinin er í frv. orðuð sem heimild og hún takmörkuð við það fé sem veitt er til þessa verkefnis á fjárlögum hverju sinni.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að inn í skógræktarlög nr. 3 frá 6. mars 1955 komi nýr kafli um ræktun nytjaskóga á bújörðum og er kaflinn alls átta greinar.

Um a. (24. gr.)

Hér kemur fram tilgangur þessa frumvarps, sem er að ríkissjóður hvetji til og styrki ræktun nytjaskóga á bújörðum, en þó aðeins þar sem skilyrði til skógræktar eru vænleg. Forsenda fyrir slíkum stuðningi er að skógræktin verði liður í búskap á viðkomandi bújörð. Í öðrum greinum frv. koma fram ýmis skilyrði, sem uppfylla þarf áður en styrkur verður veittur.

Um b. (25. gr.)

Styrkur ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga á bújörðum getur í hverju tilviki mest orðið 80% af stofnkostnaði við ræktun en viðkomandi bóndi eða jarðareigandi ber 20%. Á fylgiskjali I er yfirlit yfir stofnkostnað miðað við verðlag sumarið 1983.

Í 1. mgr. er stofnkostnaður ekki skilgreindur tæmandi, en slíkur kostnaður getur verið mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað og trjátegundum. Sá rammi er þó settur um stofnkostnað að til hans telst aðeins kostnaður við undirbúning skógræktarlandsins, kaup og flutningur á plöntum, vinna og kostnaður við gróðursetningu. Varðandi undirbúning landsins er kostnaður við girðingar og vegagerð tekinn sem dæmi, en kostnaðarþættir við undirbúning skógræktarlandsins eru breytilegir eftir aðstæðum. Þannig getur í sumum tilvikum þurft að grisja skóg sem fyrir er og framkvæma jarðvinnslu með vinnuvélum.

Heildarstofnkostnaður skiptist í áðurnefndum hlutföllum og kann bóndinn að greiða sinn hlut með eigin vinnu eða öðrum framlögum til verksins. En gert er ráð fyrir að bændur vinni við ræktunina eins og þeir hafa frekast tók á. Fagmenn á vegum Skógræktar ríkisins eða skógræktarfélaga annist verkstjórn við girðingar, segi fyrir um plöntuval, plöntun og hirðingu. Ræktun nytjaskóga yrði því verulegur atvinnugjafi í sveitum, en að svo miklu leyti sem bændur ynnu störfir ekki sjálfir, yrði það kjörin sumarvinna ungs fólks.

Mikilvægt er að vanda allan undirbúning vegna ræktunar nytjaskóga og tryggja sem best fyrirfram með rannsóknum að ekki verði ráðist í slíka ræktun nema á þeim stöðum þar sem árangur er talinn nokkuð öruggur. Skógræktaráætlun skv. a-lið 2. mgr. á að byggjast á könnun á skógræktarskilyrðum á viðkomandi svæði og landi þeirra jarða er til greina koma. Vegna aðildar stjórnvalda og samtaka að gerð og samþykkt skógræktaráætlunar er hver sýsla lögð til grundvallar sem stjórnsýsluumdæmi. Með skógræktaráætlun er lagður grundvöllur að því, að landi bújarða sé varanlega ráðstafað til ræktunar nytjaskóga og á það

lagðar ýmsar kvaðir samkvæmt þessum kafla skógræktarlaganna. Er því í samræmi við skipulagslög nr. 19/1964 og jarðalög nr. 65/1976 lagt til að jarðanefnd, sveitarstjórn og Skipulag ríkisins þurfi að samþykkja ráðstöfun lands til nytjaskóga skv. skógræktaráætlun, áður en hún er staðfest. Með ráðstöfun á landi til nytjaskógar telst það áfram vera í landbúnaðarnotum skv. 12. gr. jarðalaga nr. 65/1976.

Vilji leiguliði rækta nytjaskóg á ábúðarjörð sinni, þarf landeigandi að samþykkja samning skv. b-lið 2. mgr. Rétt er að í samningi skv. b-lið 2. mgr. séu auk þeirra atriða sem nefnd eru í greininni tekin upp ákvæði kaflans um forkaupsrétt og innlausnarrétt Skógræktar ríkisins.

Um c. (26. gr.)

Eftir að skógræktarlandið hefur verið girt og í það plantað, verða bændur að sinna og bera kostnað af viðhaldi, hirðingu og umsjón með nytjaskógum, eins og nánar þarf að taka fram í samningi um nytjaskóga.

Vanefni landeigandi eða umráðamaður landsins skyldur sínar skv. þessum samningi, m. a. um framangreind atriði, er nauðsynlegt að Skógrækt ríkisins geti gripið inn í og tryggt að þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið og árangur af þeim, spillist ekki. Lögtaksheimildin er í samræmi við 5. tl. 1. gr. 1. nr. 29/1885 um lögtak o. fl.

Um d. (27. gr.)

Með 1. mgr. er sett sú regla, að umráðamanni nytjaskóga sé óheimilt að leigja eða heimila öðrum afnot af slíku landi, nema að fengnu samþykki Skógræktar ríkisins. Undantekning er þó þegar viðkomandi jörð er leigð til ábúðar skv. reglum ábúðarlaga.

Þó fyrirfram sé með rannsóknum reynt að tryggja að ekki verði aðrir staðir valdir til ræktunar nytjaskóga en þar sem árangur er nokkuð tryggur, er hugsanlegt að slík ræktun kunni í einstökum tilvikum að mistakast eða árangur verður ófullnægjandi. Í slíkum tilvikum þarf að vera heimild til að fella samning um ræktunina úr gildi. Eðlilegt er að landeigandi endurgreiði þá hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum í samræmi við þær umbætur, sem orðið hafa á landinu við framkvæmdirnar. Þannig ættu girðingar og vegagerð að nýtast áfram og skógur, sem ekki nær að verða til beinna nytja, getur haft áhrif á verðmæti lands t. d. sem sumarbústaðalands. Verðmæti umbótanna er þá skipt í hlutföllum 80:20, en endurgreiðslan getur þó aldrei orðið hærri en sem nemur hinum upphaflega styrk, að viðbættum verðbótum skv. breytingu á byggingarvísitölu frá greiðsludegi styrksins og þar til endurgreiðslan fer fram.

Um e. (28. gr.)

Samkvæmt þessu frv. er mestur hluti stofnkostnaðar við ræktun nytjaskóga lagður fram af opinberu fé og er því eðlilegt, að Skógrækt ríkisins hafi víðtækar lagaheimildir til að grípa inn í og gera ráðstafanir, til að hið upphaflega fjárframlag nýtist til þeirrar ræktunar sem að er stefnt. Í 2. mgr. er Skógræktinni heimilað að bæta úr vanefndum umráðamanns landsins á kostnað landeiganda, en sé um að ræða ítrekaðar vanefndir eða brot á ákvæðum laganna um meðferð skógræktarlandsins, kann sú heimild að reynast ófullnægjandi. Hér er lagt til að í slíkum tilvikum geti Skógrækt ríkisins valið á milli þess að endurkrefja hinn upphaflega styrk eða fá eignarhald á landinu, enda séu þá uppfyllt ýmis skilyrði. Það fer eftir aðstæðum hverju sinni og þá ekki síst ástandi ræktunarinnar, hvora leiðina Skógræktin kann að velja. Nái krafa Skógræktarinnar um að leysa til sín skógræktarlandið ekki fram að ganga, getur hún jafnan endurkrafið landeiganda um hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum. Innlausnarheimildin í b-lið 28. gr. fellur ekki undir eignarnám, þar sem landeigandi undirgengst innlausnarkvöðina í upphafi með samningi.

Um f. (29. gr.)

Skv. 21. gr. 1. 65/1976 eiga sveitarstjórn og leiguliði, að uppfylltum ýmsum skilyrðum, forkaupsrétt að þeim fasteignaréttindum, sem l. 65/1976 taka til sbr. 3. gr. Hér er lagt til að Skógrækt ríkisins eigi forkaupsrétt að landi nytjaskóga næst á eftir þessum lögboðnu aðilum, en réttur Skógræktarinnar er þó bundinn við land, sem með samningi hefur verið ráðstafað til ræktunar nytjaskógar, en nær ekki til viðkomandi jarðar í heild. Einnig getur Skógræktin notað forkaupsrétt sinn til að eignast hluta af skógræktarlandinu. Í 2. mgr. er sett sérregla um kaupverð skv. forkaupsrétti og miðast hún við, að landeigandi fái sama verð fyrir landið, þ. e. grunninn, og telja má verð á sambærilegu landi án skógræktarinnar auk verðmætisauka vegna skógræktarinnar. Slíkur verðmætisauki stafar bæði af þeim beinu nytjum, sem hafa ná af skógum og þeim almennu áhrifum sem skógur hefur á verðmæti lands t. d. til útivistar. Samkvæmt tillögugreinunum skal þá aðeins draga frá verðmætisaukanum hinn upphaflega styrk, að viðbættum verðbótum. Hinir dómkvöddu matsmenn eru við mat sitt bundnir af þeirri sérreglu, sem fram kemur í 2. mgr.

Um g. (30. gr.)

Greinin skýrir sig sjálf.

Um h. (31. gr.)

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

Kostnaður við girðingu og gróðursetningu sumarið 1983.

(6.12. 1982 — B. Þ.)

1. Girðing, 1 km:	Kr.
Efni	52.000
Vinna	32.000
Umsjón, akstur	9.000
Alls kr.	93.000
2. Gróðursetning, 1 ha:	Kr.
Plöntur 4.500 stk. á kr. 6,00	27.000
Vinna, 4.500 plöntur á kr. 3,00	13.000
Umsj., grísj., 4.500 pl. á kr. 1,00	4.500
Alls kr.	45.000

Auk ofangreinds kostnaðar við gróðursetningu þurfa plönturnar umhirðu fyrstu 2—3 árin eftir gróðursetningu, bæði hreinsun og áburð.

Girðingakostnaður að meðaltali á ha lækkar mikið eftir því sem girðing er stærri. Kostnaður og kostnaðarhlutföll eru sýnd í töflum I og II.

Tafla I. Kostnaður við 25, 49 og 100 ha girðingar og hlutfall kostnaðar eftir stærð girðingar.

Girðing		Girðingakostnaður		
Ha	M	Kr. alls	Kr. pr. ha	Hlutfall
25	2.000	186.000	7.440	1,00
49	2.800	260.000	5.314	0,71
100	4.000	372.000	3.720	0,51

Tafla II. Kostnaður á hvern ha girðingar og gróðursetningar. Hlutfall kostnaðarliða við mismunandi stærð girðingar.

	25 ha kr/ha	%	49 ha kr/ha	%	100 ha kr/ha	%	
Girðing efni og vinna	7.440	14	5.314	10	3.700	8	
Gróðursetning:							
plöntur	27.000	51	27.000	54	27.000	55	
vinna	13.500	26	13.500	27	13.500	28	
umsjón o. fl.	4.500	9	4.500	9	4.500	9	
	Alls	52.440	100	50.314	100	48.700	100

Sundurliðaður girðingakostnaður ág.-sept. 1983 pr. km.**1. Efni**

Aflstaurar 5 stk. á kr. 212	kr.	1.060
Járnstaurar 100 stk. á kr. 161	—	16.000
Reglur 200 stk. á kr. 30	—	6.000
Net 1.000 m á kr. 16,65	—	16.650
Gaddavír 3.000 m á kr. 3,67	—	11.010
Sléttur vír og lykkjur	—	860
	Alls kr.	51.680

2. Vinnulaun

Dagvinna 250 klst. á kr. 71,00	kr.	17.750
Eftirvinna 50 klst. á kr. 99,40	—	4.970
Orlof, fæðisfé, starfsálag 40%	—	9.088
	Alls kr.	31.808

3. Akstur

Áætl. 800 km á kr. 11,40		
	Alls kr.	9.120

Lengd girðinga, flatarmál og m/ha við mismunandi flatarmál og lengd.

Tafla III.

Land ha	Girðing m	Lengd m/ha
1	400	400
25	2.000	80
49	2.800	57
100	4.000	40

